

Greinargerð með viðauka 1 við fjárhagsáætlun Höfða 2023

Helstu frávik frá fjárhagsáætlun 2023 samkvæmt viðauka 1 eru eftirfarandi:

Tekjur:

Tekjuáætlun ársins er endurskoðuð miða við útgefna gjaldskrá Sí og breytingu á henni frá 1.4.23 en hún lá ekki fyrir við gerð fjárhagsáætlunar 2023. Einnig er tekjuáætlun endurskoðuð vegna breytinga á samsetningu rýma frá upphaflegri fjárhagsáætlun. Áhrif til hækkunar frá áætlun er 45,6 mkr. á daggjöldum hjúkrunarrýma. Dvalardaggjald lækkar um 3,1 mkr. þar sem dvalarrými eru lögð niður frá og með 1. ágúst 2023. Dagdvalardaggjöld lækka um 796 þús.kr. Húsnæðisgjald lækkar um 3,9 mkr. frá upphaflegri áætlun. Auk þess koma inn í viðauka 1 tekjur vegna tímabundina biðryma fyrir Landspítala upp á 36,3 mkr.

Húsaleigutekjur hækka um 371 þús.kr. frá upphaflegri áætlun.

Seldar veitingar hækka um 1,3 mkr. frá upphaflegri áætlun vegna aukningar á sölu.

Samtals hækka tekjur um 83,5 mkr. í viðauka 1.

Launaliðir:

Laun og launatengd gjöld hækka um 27,2 mkr. í viðaukanum vegna kjarasamninga og breytinga á vaktaskipulagi sem samþykkt var á stjórnarfundum 24.8.23.

Annar rekstrarkostnaður:

Á lykil 1972 Annar starfsmannakostnaður er fært til hækkunar um 600 þús.kr. vegna starfsaldursviðurkenninga og jólagjafa starfsmanna.

Á lykil 2110 Matvæli er fært til hækkunar um 8 mkr. vegna verðlagshækkana og framleiðsluaukningar eldhúss Höfða vegna heimsendingar á mat og til Akraneskaupstaðar v. Dalbraut 4.

Á lykil 2150 Vinnufatnaður er fært til hækkunar 200 þús.kr. vegna vanáætlunar.

Á lykil 2180 Hreinlætisvörur er fært til hækkunar um 4,5 mkr. vegna vanáætlunar og verðlagshækkana.

Á lykila 2210-2290 lyf og lækningavörur er fært til hækkunar um 3,8 mkr. vegna verðlagshækkana og breytinga á samsetningu rýma.

Á lykil 2640 Málningarvörur er fært til hækkunar um 200 þús.kr. vegna aukningar á málningavinnu tengt framkvæmdum.

Samtals hækka vörukaup um 16,7 mkr. eða 17,1% milli viðauka 1 og upphaflegrar áætlunar.

Á lykil 4170 Sjúkraflutningar er fært til lækkunar um 160 þús.kr.

Á lykila 4210-4299 Risna, ferðak.ráðst.og námskeið er fært til hækkunar um 679 þús.kr. vegna aukningar ráðstefnu- og námskeiðskostnaði sem hafði verið vanáætlað fyrir eftir Covid tímabilið.

Á lykil 4320 Verkfræði- og arkitektþjónusta er fært til hækkunar um 1 mkr. vegna undirbúningsvinnu við umsókn til Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna viðhaldsverkefna á árinu 2024.

Á lykil 4450 Snjómokstur og hálkueyðing er fært til hækkunar um 250 þús.kr. vegna vanáætlunar.

Á lykila Orkukaupa er fært til hækkunar um 2,4 mkr. vegna meiri notkunar á rafmagni og hita sem má rekja til framkvæmda. Einnig er hækkun á eldsneyti vegna kostnaðarverðshækkana.

Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Á viðhaldslyklar 4620-4680 er fært til hækkunar um 7,1 mkr. Helstu skýringar eru ófyrirséðar hækkunir á viðhaldi öryggiskerfa vegna endurnýjunar á myndavélakerfi, auk kaupa á nýrri þvottavél, flutningsbekk og öðrum hjálpartækjum.

Á lykla váttrygginga er nettó hækkun um 222 þús.kr. þar sem tryggingar hækkuðu umfram verðalagsforsenda fjárhagsáætlunar.

Á skattalykla 4810-4890 er fært til hækkunar nettó um 290 þús.kr. vegna hækkunar á fasteignagjöldum og vegna lækkunar á vatns- og fráveitugjöldum frá forsendum upphaflegrar fjárhagsáætlunar.

Á þjónustulykla 4910-4998 er fært til hækkunar um 2,4 mkr. Breytingar eru til hækkunar gámaþjónustu vegna hreinsunar í kjallara. Einnig eru hækkunir á lykli raflagna og afnota- og þjónustugjalda.

Sjá nánar breytingar á einstaka bókhaldslyklum í sundurliðun viðauka 1.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 31,7 mkr. í viðauka 1.

Rekstrargjöld hækka samtals um 58,3 mkr. í viðauka 1 eða um 3,9% frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2023.

Rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um 88,5 mkr. samkvæmt viðauka 1 í stað neikvæðrar afkomu upp á 113,7 mkr. skv. upphaflegri fjárhagsáætlun 2023. Breytingin nemur 25,2 mkr.

Samkvæmt sjóðstreymi viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok nemi samtals 240,5 mkr. og hækkar um 25,2 mkr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2023.

Akranesi, 29. september 2023

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri Höfða.